

Alþingi
Erindi nr. P 127/1332
komudagur 19.3.2002

Iðnaðarnefnd Alþingis.

Umsögn verkfræðideildar Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um vistvænt eldsneyti á Íslandi, 343. mál.

Í samræmi við framsæknar hugmyndir íslenskra stjórnvalda um vetnissamfélag á Íslandi er full ástæða til að móta opinbera stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi. Greinargerð tillögunnar er ítarleg og áhugaverð lesning. Tillagan sjálf er sett fram í afar knöppu máli og til bóta hefði verið að setja nefndinni skýrari ramma. Nánar tiltekið mætti skilgreina nákvæmlega markmið nefndarinnar, þau svið sem hún á að skoða sérstaklega, hvaða fé hún hefur til ráðstöfunar til að vinna verk sitt og hvaða niðurstaðna menn vænta úr starfi hennar. Þegar slík skilgreining liggur fyrir er mun auðveldara að velja til nefndarstarfsins hóp af fólki með faglega þekkingu og reynslu sem þarf til að ná tilætluðum árangri.

Virðingarfyllt,

Sigurður Brynjólfsson
forseti verkfræðideildar Háskóla Íslands